

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 03/2026

Reykjavík, 09.01.2026

Málsnúmer: HER-202601-5808

Efni

Heilsa ehf., að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum **fæðubótarefnið Barnavít**, vörumerki **Guli miðinn**.

Ástæða innköllunar

Ráðlagður daglegur neysluskammtur inniheldur of mikið af A-vítamíni.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við

Vörumerki:	Guli miðinn
Vöruheiti:	Barnavít
Strikamerki:	5690684000165
Lotunúmer og best fyrir dagsetning:	1271-5240 30.6.2028, 2191-4201 31.12.2027, 2711-4220 30.04.2027
Framleiðandi:	Tishcon Corp. í Bandaríkjunum
Pökkunaraðili:	Heilsa ehf., Skarfagörðum 2, 104 Reykjavík

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Heilsa ehf., Skarfagörðum 2, 104 Reykjavík.

Dreifing (verslanir)

Austurbæjarapótek, Borgar apótek, Lyfja, Krónan, Hagkaup, Fjarðarkaup, Lyfjaver, Heilsuver, Apótekarinn, Lyf og heilsa, Lyfsalinn, Hlíðarkaup, Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Þín verslun Kassinn.

Leiðbeiningar til neytenda

Neytendur sem hafa keypt umrædda vöru eru beðnir um að hætta notkun hennar og farga en einnig má skila henni í versluninni þar sem hún var keypt eða hjá Heilsu ehf. Ef einhverjar spurningar vakna eða fyrir nánari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Heilsu ehf. í gegnum netfangið [heilsa\[hja\]heilsa.is](mailto:heilsa[hja]heilsa.is).

Mynd(-ir)

